

Áður en Leo varð páfi bar lítið á honum. Hann dró sig í hlé, og engan grunaði, að í honum byggði það afl, er gjörbreytti hinni kyrkjulegu stefnu, né að hann væri sá stjórnvitringur, sem hefði konunga og stjórnámálamenn í hendi sér, eins og síðar varð raun á. Nú er það lýðum ljóst, að hann hefir reist að nýju páfadæmið og veldi þess. Páfinn er nú það, sem hann hefir ei verið um langan tíma, völdugur maður enda í *þessum heimi*. Hann er kominn langt útyfir takmörk sinnar eigin kyrkju, og konungar og stjórnámálamenn og alþýða manna líta upp fyrir sig til snillingsins og dáist að göfgi hans og snildarbrögðum.

Hann var frá byrjun bóknámsfús, guðhræddur, dálítið helgi-mannslegur, hæglátur munkur. Hann hafði sterka löngun til að leysa úr heimspekisspursmálum, og þessháttar hæglátum vís-indaíðkunum. Sem gáfaður Ítali varð hann snemma kardínáli, 33 ára gamall var hann sendur í smáu stjórnmålaerindi fyrir páfann til Brüsselles. Það var alt það samblendi, sem hann hafði við hin stóru heimsveldi áður en hann varð páfi. Rétt ár eftir varð hann byskup í hinu smáa Perugia. Þar lifði hann afskektu lífi í 32 ár, og iðkaði vísindi og guðrækilegt líf, bæði í háttum og hugsun. Hér las hann meðal annars rit Thomasar Aquinas, þar sem gjörð er tilraun að rita um mannfélagsskipun og lífsstefnu heimspekilega, sem byggð sé á grundvelli miðalda-kristindómsins, — þar þóttist hann finna svar gegn nálega öllum spurningum.

Árið 1878 varð hann páfi. Höf. þessarar ritgerðar (*De Vogilé*) var þar nærstaddur, er Leo var krýndur. Krýningin fór fram með öllum formum liðna tímans. Í kapellunni sem vígslan fór fram í voru snildarverk Michael Angelos, og þau sýndust með meira lífsmarki en gömlu „prélátarnir“, sem tóku þátt í vígslunni líkast dauðum vinnuvélum. Hér var ei lýður-inn, sem gleður sig í voninni um nýjan stjórnaranda, að eins nokkrir „prélátar“, stjórnámálamenn og hæsti aðall kaþólskunn-ar, og nokkrir fréttaritarar, sem rituðu um þetta eins og hvern annan sjónleik. Áhrifin af vígslunni líktust minningarhátíð um dáið stórveldi, eða steingjörfingsleifum horfinna alda. Alt líf og kraftur var horfið.